

Miðvikudaginn 1. desember 2021 var stjórnarfundur Bakkahvamms hses. haldinn í fjarfundi og hófst hann kl.16:00

Mættir voru: Einar Jón Geirsson, Skúli Guðbjörnsson, Ragnheiður Pálsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Jón Egill Jóhannsson.

Einnig sátu fundinn Kristján Sturluson sveitarstjóri og Jóhanna María Sigmundsdóttir verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Einar Jón formaður, stjórnaði fundi:

**1. Samkomulag um vilyrði fyrir úthlutun stofnframlags ríkisins fram í tímann.**

Póstur barst frá HMS þar sem upplýst er um að þeir sem hafa fengið úthlutað stofnframlagi frá ríki og sveitarfélagi geti gert samkomulag um vilyrði fyrir úthlutun stofnframlags ríkisins fram í tímann til allt að þriggja ára í senn, samkv. heimild í lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir.

Lagt til að stjórn Bakkahvamms hses. sendi erindi inn til byggðarráðs um vilja til að gera samkomulag um úthlutun stofnframlags ríkisins. Miðað sé við álíka íbúðir og í þeirri umsókn um stofnframlag sem send var inn í nóvember sl. og að framkvæmdir taki þá til 2022, 2023 og 2024.

*Samþykkt.*

**2. Viðbrögð Hrafnshóls við athugasemdum Bakkahvamms hses.**

Ekki hefur verið brugðist við athugasemdum Bakkahvamms hses. frá síðasta fundi og ekki orðið af heimsókn forsvarsmanna Hrafnshóls til Dalabyggðar.

Lagt til að Skúli reyni að ná sambandi til að fá tímasetningar á úrbótum og heimsókn.

*Samþykkt.*

**3. Endurskoðun á úthlutunarreglum Bakkahvamms hses.**

Lagt til að úthlutunarreglur Bakkahvamms hses. verði endurskoðaðar á næsta fundi stjórnar.

*Samþykkt.*

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:15